

Minnisblað

Dagsetning: 23. desember 2021
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Aðalsteinn Örn Snæpórsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021. Verkefni 6 – Askja, Holuhraun, Svartá og Herðubreiðarlindir í Vatnajökulsþjóðgarði.

Í Öskju í Dyngjufjöllum og í Holuhrauni er fylgst með álagi á jarðminjar. Í Herðubreiðarlindum er fylgst með álagi á gróður og jarðveg við gönguleiðir, í skilgreindum hentistígum og á afmörkuðum álagssvæðum á tjaldsvæði.

Framkvæmd 2021

Vettvangsvinna í Herðubreiðarlindum fór fram 28. maí og 12. ágúst. Var hún framkvæmd af Aðalsteini Erni Snæpórssyni, Bergþóru Kristjánsdóttur og Sigprúði Stelli Jóhannsdóttur. Landverðir sáu um ljósmyndatöku á föstum ljósmyndapunktum vegna vöktunar jarðminja við Öskju og í Holuhrauni. Í Herðubreiðarlindum var/voru:

- skilgreint og afmarkað svæði á tjaldsvæði og í kringum Þorsteinsskála ljósmyndað með nýju flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli.
- ljósmyndir teknar á föstum myndvöktunarpunktum þar sem fylgst er með álagi á jarðminjar og gróður á tjaldsvæði og gönguleiðum.
- hentistígar í kringum Þorsteinsskála voru kortlagðir samkvæmt aðferð 2c.
- lögð út þrjú gróðursnið innan sem utan álagssvæða á tjaldsvæði samkvæmt aðferð 1b.
- fuglar taldir.

Úrvinnsla

Frumgögn frá 2020 og 2021 hafa verið sett inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

- Forkönnun í Herðubreiðarlindum og við Svartá frá 2020.
- Skráning á jarðminjum við Öskju og í Holuhrauni frá 2020. Nú fastir myndvöktunarpunktar.
- Fastir myndvöktunarpunktar, jarðminjar og gróður.
- GPS skrár hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar.
- Ljósmyndir hafa verið settar inn í ljósmyndagrunn Náttúrufræðistofnunar.
- Ljósmyndum úr flygildi hefur verið skilað inn til NÍ.

Myndkort frá 2021 af tjaldsvæði í Herðubreiðarlindum var notað við úrvinnslu og gögnin sett inn í landfræðilega upplýsingakerfið, Qgis. Þar er m.a. hægt að sjá staðsetningu myndvöktunarpunkta og gróðursniða á og við tjaldsvæði (3. mynd).

Ljósmyndir á föstum myndvöktunarpunktum frá 2020 og 2021 voru bornar saman og metið hvort þar hafi orðið breytingar á jarðminjum og gróðri, jákvæðar eða neikvæðar.

Niðurstöður og umræður

Í Öskju sáust breytingar á tveimur myndvöktunarpunktum. Annar punkturinn er á jarðhitasvæði í fjörunni við Öskjuvatn en þar hafði yfirborð vatnsins hækkað milli ára og mikið af sandi og vikri lá yfir svæðinu næst vatninu. Við Víti voru talsverðar litabreytingar á jarðhitaleirnum, sérstaklega næst vatninu en einnig í brekkunni fjær. Af ljósmyndum að dæma var líkt og yfirborðsvirkni jarðhitasvæðis



hefði minnkað en mikill átroðningur getur einnig valdið slíkum breytingum. Erfitt var að greina þar á milli af ljósmyndum. Ekki sáust breytingar á gönguslóðum upp gjallgíg við Vikraborgir.

Í Holuhrauni hafði sandburður aukist og sást greinilegur munur á ljósmyndum milli ára, sjá 1. – 2. mynd. Aðrar breytingar voru ekki sýnilegar.

Í Herðubreiðarlindum sáust litlar breytingar á ljósmyndum á myndvöktunarpunktum milli ára fyrir utan að aukið traðk var í kringum stíg sem liggur í gegnum tjaldsvæðið og hentistígar næst Þorsteinsskála voru aðeins meira áberandi (3. mynd). Mældir hentistígar í kringum Þorsteinsskála voru flestir mjóir og rofhætta í þeim annað hvort *takmörkuð* eða *nokkur*, sjá 1. töflu.

1.tafla. Hentistígar við Þorsteinsskála, meðalbreidd og rofhætta.


Meðal- breidd	Rofhætta/lengd (m)				
	Engin	Takmörkuð	Nokkur	Mikil	Samtals
<50 cm	0	84	48	0	132
50-100 cm	0	7	0	0	7
100-150 cm	0	0	0	0	0
150-200 cm	0	0	0	0	0
Samtals	0	91	48	0	139

Eitt gróðursniðið er staðsett á tjaldsvæði, annað frá tjaldsvæði og yfir á friðað svæði við hliðina og það þriðja á friðaða svæðinu (3. mynd). Upphaf og endir sniðanna var merktur með litlum tréhælum. Markmiðið með gróðurmælingum er að fylgjast með álagi ferðamanna og áhrifum á gróðurframvindu á tjaldsvæði.


Fuglalíf í Herðubreiðarlindum var talið þann 28. maí 2021 en 2. júlí 2020. Nú sáust 16 tegundir (2. tafla) en 18 árið 2020.

2. tafla. Fuglar sem sáust í Herðubreiðarlindum 28. maí 2021. Fjöldi miðast við fullorðna fugla.


Tegund	Fjöldi	Athugasemd
Heiðagæs	6	Fjórar á Álftavatni og tvær á votlendi austan Álftavatns
Álft	4	Eitt par á Álftavatni og eitt par á votlendi austan Álftavatns
Grafönd	11	Þrír steggir og einn kolla flugu yfir við Strýtu. Tveir steggir og ein kolla á Álftavatni. Par og steggur á votlendi austan Álftavatns. Einn steggur milli Álftavatns og skála.
Urtönd	11	Fimm steggir og ein kolla á Álftavatni. Par og stakur fugl á votlendi austan Álftavatns. Par sást á milli Álftavatns og skála.
Skúfönd	11	Eitt par, ein kolla og þrír steggir á Álftavatni. Tvö pör og steggur sáust milli Álftavatns og skála
Hávella	2	Par á Álftavatni
Heiðlóa	3	Við Álftavatn
Sandlóa	1	Við Álftavatn
Óðinshani	16	Fjórtán sáust á Álftavatni og tveir milli Álftavatns og skála
Skógarpröstur	3	Sáust milli Álftavatns og skála
Þúfuttlingur	4	Fjórir sáust við Álftavatn og einn á milli Álftavatns og skála
Svarbakur	3	Við vaðið á Lindá
Toppönd	1	Steggur á Álftavatni
Duggönd	2	Einn steggur og ein kolla á Álftavatni
Rauðhöfði	2	Par sást milli Álftavatns og skála
Hrossagaukur	1	Sást milli Álftavatns og skála



1. mynd. Á gönguleið um Holuhraun 2020.



2. mynd. Á gönguleið um Holuhraun 2021.



3. mynd. Tjaldsvæði í Herðubreiðarlindum. Á myndinni sést staðsetning gróðursniða og hluti myndvöktunarpunkta í Herðubreiðarlindum. Bakgrunnur er myndkort frá 2021.



Framhald vöktunar

Lagt er til að áfram verði vaktaðir sömu myndvöktunarpunktar og myndir teknar árlega. Einnig er lagt til að gróðurmæling í Herðubreiðarlindum verði gerð eftir þrjú ár og á sama tíma verði hentistígar kortlagðir aftur og ástand þeirra metið, sjá 3. tafla. Gert er ráð fyrir árlegri talningu fugla í Herðubreiðarlindum, sjá 3. töflu.

3. tafla. Vöktunarpættir á NA hálendi í Vatnajökulspjóðgarði.

Vöktunarpáttur	2022	2023	2024
Ljósmyndað með flygildi í Herðubreiðarlindum			x
Myndvöktunarpunktar	x	x	x
Gróðurmæling í Herðubreiðarlindum			x
Kortlagning og ástandsmat hentistíga í Herðubreiðarlindum			x
Talning fugla í Herðubreiðarlindum	x	x	x